

Lindarfiskur ehf.
Sigtúni 6
870 Vík

Reykjavík, 18. janúar 2021
UST202003-271/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 1.12.2020, hjá Lindarfiski ehf.

Þann 1. desember sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Lindarfisks, Botnum Meðallandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjórar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en þrjú frávik komu fram er varða:

1. Þágildandi starfsleyfi. Starfsleyfi gefið út af Heilbrigðisnefnd getur einungis tekið til framleiðslu 20 tonna í fiskeldi með losun í ferskvatn. Rekstraraðili slátraði 31 tonnum af bleikju á árinu 2018. **Nýtt starfsleyfi, sem heimilar framleiðslu að 300 tonnum, tók gildi í maí 2020 og frávikinu er því lokað.**
2. Þágildandi starfsleyfi. Starfsleyfi gefið út af Heilbrigðisnefnd getur einungis tekið til framleiðslu 20 tonna í fiskeldi með losun í ferskvatn. Rekstraraðili slátraði um 44 tonnum af bleikju á árinu 2019. **Nýtt starfsleyfi, sem heimilar framleiðslu að 300 tonnum, tók gildi í maí 2020 og frávikinu er því lokað.**
3. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal halda skráningarog skulu skráningarnar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er. Skráningar eru ekki á magni, gerð og meðhöndlun úrgangs. Skráningar á losun næringarefna eru ekki til staðar fyrir árin 2018 og 2019.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 9. febrúar, 2021.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Steinunn Karlsdóttir
sérfræðingur